



Minnisblað

Málsnr. 1506175

Á fundi bæjarráðs þann 10. september sl. var til umfjöllunar erindi tónlistarkenna við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar varðandi skerðingu sumarlauna vegna verkfalls. Bæjarráð fól bærarstjóra að skoða málið frekar.

Leitað var eftir upplýsingum um stöðu málsins hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga m.a. um hvort önnur sveitarfélög hefðu orðið við óskum tónlistarkennara um að falla frá skerðingu sumarlauna vegna verkfalls.

Túlkun Sambandsins er enn sú sama, þ.e. að skerða beri sumarlaun tónlistarkennara vegna verkfalls. Sú ákvörðun og leiðbeiningar voru sendar til sveitarfélaganna 28. nóvember 2014. Verkfall hefur í för með sér skerðingu á launum þeirra sem taka þátt í því og leggja niður vinnu að hluta eða öllu leyti. Að mati lögfræðings Sambandsins er mikilvægt að frá því verði ekki vikið af hálfu sveitarfélaga þar sem það skapar venju/fordæmi sem kemur til með að gilda einnig ef til þess kemur að stafmenn leggi niður vinnu vegna verkfalla í 10 vikur eða meira. Það hefur áhrif á greiðslu orlofslauna alveg eins og hjá tónlistaskólakennurum.

Umræðu um skerðingu sumarlauna vegna verkfalls stjórnenda í tónlistarskólum er ekki ennþá lokið innan Sambandsins. Þetta mál hefur sér átt langan og ítrekaðan feril í samstarfsnefnd í haust og beðið hefur verið með að senda út leiðbeiningar af hálfu Sambandsins vegna þessa, þar til þeirri umræðu er lokið. Vonir standa til þess að málinu ljúki núna í vikunni en afstaða Sambandsins í þeirri umfjöllun er skýr um að skerða beri launagreiðslur og sumarhluta vegna kennsluhluta starfs skólastjórnenda vegna verkfalls. Leiðbeiningarnar munu þá ná til aðstoðarskólastjóra Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, en skólastjóri skólans fór ekki í verkfall.

Engar upplýsingar liggja fyrir hjá Sambandinu um hvort einhver sveitarfélög hafi fallið frá skerðingu sumarlauna vegna verkfalls, en formaður FT hefur upplýst Sambandið um að almennt sé ekki verið að gera það, með einni undantekningu en fyrir liggur ákvörðun bærarstjórnar Garðabæjar um að hverfa frá skerðingu sumarlauna tónlistarkennara vegna verkfalls.

6. október 2015

Haraldur L. Haraldsson
bærarstjóri